

AÐALSKIPLAG BOLUNGARVÍKUR 2020-2032

VIÐAUKAR

Tillaga

21. desember 2021

VIÐAUKI A UMHVERFISMAT

1 SAMANTEKT UMHVERFISMATS

Í umhverfismatinu eru metin umhverfisáhrif mismunandi valkosta og heildaráhrif af markmiðum áætlunarinnar. Umhverfisviðmiðin eru byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og stefnu íslenskra stjórnvalda er varðar landnotkun.

Metnir voru stefnukostir fyrir vöxt þéttbýlis, þróun mið- og hafnarsvæðis og uppbyggingu áfangastaða ferðamanna. Matið leiddi í ljós að uppbygging innan þéttbýlis og í jaðri þess væri heppilegust m.t.t. heildaráhrifa. Mat á þróun mið- og hafnarsvæðis sýndi að áhersla á skapandi greinar, nýsköpun, ferðaþjónustu og sjávarútveg myndi hafa jákvæðust áhrif á þéttbýlið í heild. Niðurstaða greiningar vegna uppbyggingar ferðaþjónustunnar leiddi í ljós að áhersla á fáa en uppbyggða áfangastaði hefur jákvæð eða verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Hún er því líkleg til að efla ferðaþjónustu í sveitarfélaginu, auka öryggi og stuðla að sterkari innviðum. Auk þess sem hún léttir álagi á öðrum viðkvæmum stöðum.

Aðalskipulagið inniheldur stefnu um viðgang og vöxt sveitarfélagsins og því fylgja óhjákvæmileg áhrif á samfélagið og náttúruna. Í umhverfismatinu voru metin heildaráhrif þeirrar stefnu sem sett er fram um:

- ◆ Náttúru
- ◆ Byggð
- ◆ Atvinnu
- ◆ Stofnanir, félags- og velferðarmál
- ◆ Útivist, opin svæði og íþróttir
- ◆ Innviði

Ákveðnir þættir aðalskipulagsins hafa jákvæð áhrif en í öðrum tilvikum verða áhrifin neikvæðari. Í heildina má segja neikvæðu áhrifin séu ásættanleg. Neikvæðu áhrifin varða m.a. hafnarstarfsemi og iðnaðar- og

athafnastarfsemi og fyrirætlanir um landfyllingu sem valda álagi á náttúruna. Uppbygging innviða hefur neikvæð áhrif á umhverfið. Því þarf að vanda til verka við útfærslu og framkvæmd í því samhengi. Áhrif sjávarrofs þarf að skoða betur á skipulagstímabilinu.

Skoðað var hvort aðalskipulagið samræmdist öðrum áætlunum, bæði innan svæðisins, á landsvísi og í stærra samhengi. Auk þess var lögð áhersla á að samhljómur væri með markmiðum innan aðalskipulagsins sjálfs.

Í greinargerð aðalskipulagsins er að finna stutta samantekt á umhverfisáhrifum í lok hvers stefnukafla.

2 VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Umhverfismati áætlana er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun með því að leggja umhverfisleg-, félagsleg-, og efnahagsleg sjónarmið til grundvallar skipulagsgerðar. Þannig er leitast við að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu. Í umhverfismati ber að fjalla um hvort áhrif eru varanleg eða afturkræf og hversu víðtæk þau kunna að verða. Í umhverfismatinu eru metin áhrif tiltekinna markmiða eða ákvæða sem sett eru fram í skipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Aðalskipulagið tekur mið af niðurstöðum þessa mats, eftir því sem kostur er.

Umhverfismatið er framkvæmt í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 (síðar lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021). Stuðst var við fyrirliggjandi upplýsingar um grunnástand umhverfis auk gagna sem unnin hafa verið í tengslum við undirbúning aðalskipulagsins.

Umhverfismatið var unnið samhliða aðalskipulagsgerðinni. Nánar er fjallað um skipulagsferlið og skipulagsvinnuna í kafla 1 í greinargerð aðalskipulagsins.

2.1 VINSUN UMHVERFISÞÁTTA

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem áætlun getur haft áhrif á. Í lögum um umhverfismat áætlana er umhverfi skilgreint sem *samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, landslag og samspil þessara þátta*.

Í umhverfismati aðalskipulagsins eru skoðuð heildaráhrif af stefnunni og áhrif stefnukosta. Byggt er á þeim matsþáttum og umhverfisþáttum sem kynntir voru í skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulagsins í júní 2019. Við val á umhverfisþáttum er tekið tillit til umhverfisaðstæðna á skipulagssvæðinu og valkosta sem skoðaðir eru í matinu. Í töflu 2.1 eru

tilgreindir þeir mats- og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir jákvæðum eða neikvæðum áhrifum af framkvæmd skipulagsins.

Tafla 2.1 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna aðalskipulags Bolungarvíkur.

Matsþættir	Mikilvægir umhverfisþættir	Skýringar
Hagrænir og félagslegir	Samfélag, eignir, menningararfleifð og veðurfar.	Áhrif af auknum umsvifum og fjölbreytni atvinnulífs. Aukin þjónusta í sveitarfélaginu.
Náttúrufræðilegir	Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni, vatn, veðurfar, jarðvegur, jarðmyndanir og landslag.	Áhrif af nýrri byggð eða framkvæmdum á nýjum svæðum og/ eða þegar byggðum svæðum.
Heilsa og öryggi	Samfélag, heilbrigði manna og eignir.	Vegna hættu af ofanflóðum. Umferðaröryggi. Aukin tækifæri til útivistar og notkun virkra ferðamáta.
Innviðir og aðgengi	Samfélag, heilbrigði manna, veðurfar, eignir, menningararfleifð og landslag.	Áhrif af styrkari innviðum og bættum samgöngum. Áhrif á útivist og upplifun ferðamanna vegna uppbyggingar aðstöðu.

2.2 VIÐMIÐ OG VÍSAR

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfis. Umhverfisviðmiðin, umhverfisvísar og umhverfisþættir eru tilgreindir í töflu 2.2. Sérstaklega er tekið mið af Heimsmarkmiðum sem eru forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa tengsl við

AÐALSKIPULAG BOLUNGARVÍKUR 2020-2032. Viðaukar - Auglýst tillaga

aðalskipulagsgerð.¹ Einnig er byggt á *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* og öðrum áætlunum á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort valkostir um stefnu í aðalskipulagi styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar eru matsspurningarnar til að greina hvort stefnan í aðalskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum (sjá töflu 2.3).

¹ Stjórnarráð Íslands, 2019. Heimsmarkmiðin. Sótt 3. desember 2020 af <http://heimsmarkmidin.is>.

Tafla 2.2 Umhverfisviðmið, umhverfisvísar og umhverfisþættir

Umvhverfisviðmið ²	Byggt á	Umvhverfisvísar	Umvhverfisþættir ³												
			Samfélag	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Liffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Veðurfar	Eignir	Menningararfleifi	Landslag
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum lífsstílstengdra sjúkdóma með forvörnum, m.a. með íþróttá- og félagslífi og útivist. Stuðla að geðheilbrigði og vellíðan. Stuðla að heilnæmu umhverfi og góðum möguleikum til útiveru. Draga úr slysum og dauðsföllum af völdum umferðarslysa.	HMS ⁴ -3 (3.4 og 3.6) LSK 15-26 ⁵ (2.2 og 3.3)	Umferðarslys Aðgengi að útivist Ásýnd lands Hætta vegna ofanflóða Hljóðstig													
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og stöðuvötn.	HMS-6 (6.3 og 6.6)	Fráveita Vatnsgæði Votlendi Mengun													
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Auka hlut endurnýjanlegrar orku. Stuðla að bættri orkunýtingu. Skipulag gefi kost á uppbyggingu flutningskerfa raforku og að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi.	HMS-7 (7.2 og 7.3) LSK 15-26 (2.5)	Endurnýjanleg orka Raforkuflutningur Virkijanir													
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Viðhalda hagvexti í samræmi við aðstæður. Bæta nýtingu auðlinda til neyslu og framleiðslu. Draga úr hagvexti sem gengur á umhverfið. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur. Stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.	HMS 8 (8.1, 8.4 og 8.9) LSK 15-26 (2.4 og 3.4)	Hagvöxtur Íbúafjöldi Ferðaþjónusta Viðhorf ferðam. Staða atvinnulífs og fjölbreytni													
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Þróa trausta innviði sem eru sjálfbærir og með viðnámsþol gagnvart breytingum, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velferð allra. Stuðla að samkeppnishæfni, þoli og eflingu samfélags og atvinnulífs. Tryggja örugg fjarskipti og afhendingu raforku um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag.	HMS-9 (9.1) LSK 15-26 (2.5 til 2.7 og 3.4 til 3.6)	Fjarskipti Veitur Umferð Vegflokkan Raforkuflutningur													

²Stuðst er við töflu fyrir umhverfisviðmið, umhverfisvísa og umhverfisþætti í Lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu fyrir loftslag, landslag, lýðheilsu - viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Viðmið og vísar eru útfærð og aðlöguð að áherslum og viðfangsefnum í aðalskipulagi.

³Umvhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

⁴Stjórnarráð Íslands, 2019. Heimsmarkmiðin. Sótt 6. janúar 2020 af <http://heimsmarkmidin.is/>.

⁵Skipulagsstefnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026. Sótt 3. desember 2020 af <http://www.landsskipulag.is/>.

Umhverfisviðmið ²	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfisþættir ³													
			Samfélag	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Lífræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Veðurfar	Eignir	Menningararfleifð	Landslag	
<p>Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Tryggja öllum fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónustu. Gefa öllum kost á að ferðast með öruggum, sjálfbærum og aðgengilegum ferðamátum á viðráðanlegu verði. Bæta umferðaröryggi og almenningssamgöngur. Draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í þéttbýli með áherslu á loftgæði og meðhöndlun úrgangs. Nýta skipulag til að styðja jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis og dreifbýlis.</p>	HMS 11 (11.1, 11.2, 11.4, 11.6 og 11.a) LSK 15-26 (3.1, 3.2, 3.3 og 3.5)	Ferðamátar Almenningssamgöngur Umferðarslys Íbúar Íbúðir Úrgangsméðhöndlun Verndarsvæði														
<p>Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáferðir. Vinna að sjálfbærri stjórnun og nýtni á náttúruauðlindum. Draga úr sóun með forvörnum. Minnka úrgang með aukinni endurvinnslu og endurnýtingu.</p>	HMS-12 (12.2 og 12.5)	Úrgangsméðhöndlun														
<p>Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir vegna vár af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Stuðla að orkuskiptum í samgöngum og kolefnisbindingu. Flétta aðgerðir vegna loftslagsbreytinga inn í skipulag og áætlanagerð. Stuðla að öryggi almenningss gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.</p>	HMS-13 (13.1 og 13.2) AL 18-30 ⁶ LSK 15-26 (2.8 og 3.7)	Binding kolefnis Losun kolefnis Hækkun sjávarborðs Áhætta vegna ofanflóða														
<p>Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og það nýta á sjálfbæran hátt. Draga úr mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi. Stuðla að heilbrigðu umhverfi hafsins með því að vernda og stjórna nýtingu á vistkerfum sjávar og strandsvæða og koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif, styrkja viðnámsþol og endurheimta vistkerfi.</p>	HMS-14 (14.1, 14.2 og 14.3)	Ástand sjávar Verndarsvæði Mengun														
<p>Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Tryggja varðveislu, endurheimt og sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og þjónustu þeirra, sérstaklega skóga, votlendis, fjalllendis og þurrlendis í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Stuðla að sjálfbærri stjórnun skóga af öllu tagi, stöðva eyðingu þeirra, tryggja endurheimt og auka skógrækt. Grípa til aðgerða til að draga úr hnignun búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni og koma í veg fyrir útrýmingu tegunda í hættu. Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir landnám framandi ágengra tegunda og draga úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni.</p>	HMS-15 (15.1, 15.2, 15.3, 15.4, 15.5 og 15.8)	Líffræðileg fjölbreytni Gróðurfar Skógar Fuglalíf Verndarsvæði														

⁶Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Fyrsta útgáfa, september 2018. Sótt 3. desember 2020 af <https://www.stjornarradid.is>.

Umhverfisviðmið ²	Byggt á	Umhverfisvísar	Umhverfisþættir ³											
			Samfélag	Heilbrigði manna	Dýr	Plöntur	Liffræðileg fjölbreytni	Jarðvegur	Jarðmyndanir	Vatn	Loft	Veðurfar	Eignir	Menningararfleifð
<p>Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Stuðla að varðveislu og vernd náttúru- og menningarminja, sem felast í liffræðilegum fjölbreytileika, fjölbreytni jarðmyndana, víðernum, landslagi og minjum um sögu og búsetu. Yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum.</p>	LSK 15-26 (2.2 og 3.3) VTF ⁷ MSM ⁸	Fágæti landslags Ásýnd lands Náttúruminjar Fornleifaskráning Röskun												
<p>Styðja leiðir til samstarfs um sjálfbæra þróun. Hvetja til skilvirkis samstarfs opinberra aðila, einkaaðila og almennra borgara.</p>	HMS-17													

⁷Umhverfisráðuneytið, 2010. *Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Áherslur 2010-2013*. Sótt 3. desember 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

⁸Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014. *Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist*. Sótt 3. desember 2020 af <https://www.stjornarradid.is/>

Tafla 2.3 Matsþættir, viðmið og matsspurningar eru nýttar til þess að greina hvort stefnan í aðalskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum

Matsþáttur	Viðmið	Matsspurningar
Hagrænir og félagslegir þættir	<p>Styðja leiðir til samstarfs um sjálfbæra þróun.</p> <p>Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.</p> <p>Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla.</p> <p>Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum.</p> <p>Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluaðferðir.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Styður stefnan við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum? • Eru aðgerðir vegna loftslagsbreytinga fléttaðar inn í stefnuna ? • Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu? • Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði? • Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu? • Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla? • Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu? • Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?
Náttúruframslegir þættir	<p>Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi.</p> <p>Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.</p> <p>Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjasrá? • Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land? • Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m², sjávarfitjar og leirur og fossa? • Hefur stefnan áhrif á landnáms og útbreiðslu framandi ágengra tegunda? Tekur hún mið af áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni? • Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands? • Hefur stefnan áhrif á vistkerfi hafsins, svo sem með losun eða efnistöku?
Heilsa og öryggi	<p>Stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.</p> <p>Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess.</p> <p>Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar? • Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, svo sem almenningsamgöngum eða samgöngum fyrir hjólandi eða gangandi? • Stuðlar stefnan að betri almenningsrymum, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika? • Stuðlar stefnan að betri byggð hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist? • Stuðlar stefna að fækkun slysa og auknu öryggi fólks, svo sem vegna umferðarslysa eða ofanflóða? • Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?
Innviðir og aðgengi	<p>Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.</p> <p>Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun.</p> <p>Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.</p> <p>Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum.</p> <p>Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál? Veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis? • Eru skilgreindar nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna loftslagsbreytinga? • Tekur stefnan tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs? • Stuðlar stefnan að bættum innviðum og þoli þeirra gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum? • Stuðlar stefnan að sjálfbærri orkuvinnslu og/eða orkunýtingu? • Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar eða menningararfleifð? • Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum? • Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?

2.3 MAT Á VÆGI ÁHRIFA

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins (tafla 2.4). Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.⁹

Tafla 2.4 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagstillögunnar

Vægiseinkunn	Skýringar
++	Veruleg jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	Jákvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	Neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	Veruleg neikvæð áhrif. Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar. Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

2.4 STEFNUKOSTIR

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita í aðalskipulaginu eru skilgreindir megin valkostir um stefnu með það að leiðarljósi að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar.

Í umfjöllun um núllkost verður gerð grein fyrir grunnástandi umhverfisþátta og líklegri þróun umhverfisins án framfylgdar nýs aðalskipulags.

2.4.1 Helstu valkostir um vöxt þéttbýlis

Í *Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024* er áhersla lögð á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki og auka þannig verðmætasköpun í landshlutanum. Í tengslum við áform um fiskeldi og ferðapjónustu voru skoðaðir valkostir um þróun þéttbýlisins, þ.e. uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Í umhverfismati aðalskipulagsins eru þessir valkostir bornir saman en þeir eru eftirfarandi:

- A. **Núll-kostur.** Ekki verði af frekari uppbyggingu íbúða og atvinnuhúsnæðis.
- B. **Uppbygging innan núverandi þéttbýlis.** Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði fyrst og fremst innan núverandi byggðar í Bolungarvík. Áhersla verði lögð á endurskipulagningu vannýttra svæða, þéttingu byggðar, blöndunar atvinnustarfsemi, verslun- og þjónustu og aukin tengsl við íbúðarbyggð.
- C. **Uppbygging á nýjum svæðum.** Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði fyrst og fremst utan núverandi byggðar í Bolungarvík og nýtt land verði brotið undir byggð. Íbúðarbyggð verði að mestu aðgreind frá atvinnusvæðum.

2.4.2 Valkostir um þróun mið- og hafnarsvæðis

Í skipulagsferlinu komu fram hugmyndir og valkostir um breyttar áherslur í skipulagi miðsvæðis og hafnarsvæðis. Í *Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024*¹⁰ er áhersla lögð á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki og auka þannig verðmætasköpun í landshlutanum. Í umhverfismatinu eru þessir valkostir bornir saman en þeir eru eftirfarandi:

- A. **Núll-kostur.** Ekki verði af frekari uppbyggingu eða þróun á mið- og hafnarsvæðinu.

⁹Skipulagsstofnun, 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Sótt 3. desember 2020 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.

¹⁰Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2019.

- B. Áhersla á skapandi greinar, nýsköpun, ferðapjónustu og sjávarútveg** með blandaðri landnotkun. Skipulag á miðsvæði og við höfnina miði að því að skapa rými fyrir ný fyrirtæki á fjölbreyttum sviðum þekkingariðnaðar, skapandi greina, nýsköpunar, ferðapjónustu auk verslunar og þjónustustarfsemi. Slíkri uppbyggingu verði einkum beint að miðsvæðinu og svæðinu á milli Hafnargötu og hafnarinnar. Eftir sem áður verði áfram rík áhersla á sjávertengda starfsemi og þróunarmöguleika hennar, einkum við Grundargarð. Bæði á tengdu iðnaðarsvæði á Sandinum og á nýrri landfyllingu við garðinn.
- C. Áhersla á sjávertengda starfsemi.** Á miðsvæðinu verði áhersla á blandaða verslunar- og þjónustustarfsemi. Á hafnarsvæðinu verði megin áhersla á uppbyggingu á sjávertengdri starfsemi og þjónustu við útgerð, fiskeldi og fiskvinnslu. Uppbyggingu á sjávertengdri starfsemi verði beint að svæðinu á milli Hafnargötu og hafnarinnar. Auk þess verði rými við Grundargarð, bæði á tengdu iðnaðarsvæði á söndunum og á nýrri landfyllingu við garðinn.

- B. Fáir en uppbyggðir áfangastaðir.** Uppbygging áfangastaða ferðamanna beinist einkum að fáum tilteknum stöðum í sveitarfélaginu (t.d. 3-4 stöðum). Áhersla verði lögð á vandaða uppbyggingu og góða aðstöðu fyrir móttöku ferðamanna. Uppbygging innviða og þjónustustig á hverjum áfangastað miðast við að mæta þörfum mikils fjölda gesta.
- C. Margir og dreifðir áfangastaðir.** Uppbygging áfangastaða ferðamanna beinist að mörgum stöðum í sveitarfélaginu (t.d. 10 stöðum). Uppbygging innviða og þjónustustig á hverjum áfangastað er í lágmarki.

2.4.3 Valkostir vegna uppbyggingar áfangastaða ferðamanna

Í *Áfangastaðaáætlun Vestfjarða*¹¹ er mótuð framtíðarsýn, markmið og aðgerðaáætlun fyrir áfangastaði í landshlutanum. Farið er yfir uppbyggingu áfangastaða með eigin sérkenni þar sem náttúran fær að njóta sín í samlyndi við ferðamenn. Í aðgerðaáætlun Áfangastaðaáætlunar eru tilgreindir tveir áfangastaðir í Bolungarvík þar sem áætlað er að byggja upp. Var áfangastaðaáætlunin höfð til hliðsjónar við stefnumörkun í aðalskipulagi vegna uppbyggingar ferðamannastaða. Valkostirnir sem bornir voru saman eru eftirfarandi:

- A. Núll-kostur.** Ekki verði af frekari uppbyggingu áfangastaða ferðamanna í sveitarfélaginu.

¹¹ Markaðsstofa Vestfjarða, 2018.

3 ÁHRIF VALKOSTA

3.1 MAT Á HELSTU VALKOSTUM UM VÖXT ÞÉTTBÝLIS

Tafla 3.1 Hagrænir og félagslegir þættir

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Uppbygging innan núverandi þéttbýlis	C. Uppbygging á nýjum svæðum
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Styður stefnan við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum? Eru aðgerðir vegna loftslagsbreytinga fléttaðar inn í stefnuna?	Að óverulegu leyti tekið tilliti til loftslagsbreytinga. Aðgerðir vegna loftslagsbreytinga verða ekki að veruleika.	Stefnan stuðlar að sjálfbærri byggð og styður stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.	Nýtt land fer undir byggð með aukinni losun gróðurhúsalofttegunda.
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Ólíklegt að atvinnulíf eflist ef ekki kemur til uppbyggingar þéttbýlisins.	Stefnan stuðlar að atvinnuuppbyggingu, styrkir byggðamynstur og er líkleg til að stuðla að bættu umhverfi fyrir íbúa og ferðamenn.	Stefnan stuðlar að styrkingu byggðar og atvinnuuppbyggingu.
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði? Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	Ólíklegt að ferðaþjónusta eflist að ráði ef ekki kemur til uppbyggingar.	Stefnan er líkleg til að stuðla að bættu umhverfi og auknu þjónustuframboði. Möguleg neikvæð áhrif meðan uppbygging/framkvæmdir standa yfir. Aðdráttarafli staðarins fyrir ferðamenn vex til lengri tíma litið.	Stefnan er líkleg til að hafa að einhverju leyti jákvæð áhrif á ferðaþjónustu vegna uppbyggingar og aukins þjónustuframboðs.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnaðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Að óbreyttu verður ekki hægt að mæta húsnaðisþörf íbúa.	Stefnan stuðlar að uppbyggingu íbúðarhúsnaðis og eflingu þjónustu sem nýtist öllum íbúum sveitarfélagsins.	Stefnan stuðlar að uppbyggingu íbúðarhúsnaðis og eflingu þjónustu sem nýtist öllum íbúum sveitarfélagsins.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að bættri nærþjónustu?	Ólíklegt er að nærþjónusta batni ef ekki kemur til uppbyggingar.	Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á nærþjónustu, svo sem vegna aukinna umsvifa í sveitarfélaginu og nálægðar íbúa við verslunar- og þjónustusvæði.	Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á nærþjónustu, svo sem vegna aukinna umsvifa í sveitarfélaginu.
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáferðir. Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óveruleg áhrif.	Stefnan stuðlar að bættri nýtingu á landi með uppbyggingu á vánýttum svæðum.	Gengið verður á landbúnaðarland í jaðri þéttbýlisins.

Tafla 3.2 Náttúrufarslegir þættir

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Uppbygging innan núverandi þéttbýlis	C. Uppbygging á nýjum svæðum
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjasrá?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif.	Neikvæð áhrif á gróið land, landbúnaðarland í jaðri þéttbýlis.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m ² , sjávarfitjar og leirur og fossa?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Ný byggð kann að hafa áhrif á sjávarfitjar.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á landnám og útbreiðslu framandi ágengra tegunda? Tekur hún mið af áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan áhrif á fágætar landslagsheildir? Felur hún í sér rask eða breytingu á ásjáð lands?	Engin áhrif.	Stefnan er líkleg til að styrkja byggðamynstur, stuðla að bættu umhverfi og bæta ásjáð lands innan þéttbýlis. Möguleg neikvæð áhrif meðan uppbygging/ framkvæmdir standa yfir.	Stefnan veldur röskun á óbyggðu landi og breytir ásjáð þess. Hverfisvernduð svæði gætu orðið fyrir áhrifum af uppbyggingunni.
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Hefur stefnan áhrif á vistkerfi hafsins, svo sem með losun eða efnistöku?	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif, að því gefnu að frárennismál uppfylli opinberar kröfur.	Óveruleg áhrif, að því gefnu að frárennismál uppfylli opinberar kröfur.

Tafla 3.3 Heilsa og öryggi

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Uppbygging innan núverandi þéttbýlis	C. Uppbygging á nýjum svæðum
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggum til grafar. Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Engin áhrif.	Breytt byggðamynstur og bætt umhverfi eru líkleg til að stuðla að útivist og hreyfingu og notkun virkra ferðamáta í þéttbýli.	Við hönnun nýrrar byggðar er að einhverju leyti hægt að stuðla að útivist og hreyfingu og notkun virkra ferðamáta.
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggum til grafar. Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, svo sem almenningssamgöngum eða samgöngum fyrir hjólandi eða gangandi?	Ólíklegt er að virkir ferðamátar aukist að óbreyttu.	Breytt byggðamynstur og bætt umhverfi eru líkleg til að stuðla að notkun virkra ferðamáta.	Við hönnun nýrrar byggðar er að einhverju leyti hægt að stuðla að notkun virkra ferðamáta.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að betri almenningsskýmum, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Engin áhrif.	Stefnan er líkleg til að bæta almenningsskými þar sem byggðin verður þétt og blönduð og almenningsskými verða endurhönnuð.	Við hönnun nýrrar byggðar er að einhverju leyti hægt að stuðla að bættum almenningsskýmum.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagsþópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að bættri byggð hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Engin áhrif.	Jákvæð áhrif til langs tíma litið. Í skipulagi er fjallað um gæði byggðar, svo sem umferðaröryggi og hljóðvist.	Jákvæð áhrif til langs tíma litið. Í skipulagi er fjallað um gæði byggðar, svo sem umferðaröryggi og hljóðvist.

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Uppbygging innan núverandi þéttbýlis	C. Uppbygging á nýjum svæðum
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að fækkun slysa og auknu öryggi fólks, svo sem vegna umferðarslysa eða ofanflóða?	Engin áhrif.	Í tengslum við skipulagsgerð er framkvæmt hættumat vegna ofnaflóða, þar sem talin er þörf á. Einnig er tekið tillit til hættu vegna umferðarslysa við skipulagsgerð.	Í tengslum við skipulagsgerð er framkvæmt hættumat vegna ofnaflóða, þar sem talin er þörf á. Einnig er tekið tillit til hættu vegna umferðarslysa við skipulagsgerð.
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.

Tafla 3.4 Innviðir og aðgengi

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Uppbygging innan núverandi þéttbýlis	C. Uppbygging á nýjum svæðum
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál? Veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	Engin áhrif.	Þétting byggðar og bætt byggðamynstur eykur gönguhæfi byggðar og stuðlar að notkun virkra ferðamáta.	Nýtt land fer undir byggð með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda.
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Eru skilgreindar nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna loftslagsbreytinga? Tekur stefnan tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs?	Engin áhrif.	Gengið er út frá því að við skipulagsgerðina verði skilgreindar mótvægisáðgerðir ef þess gerist þörf, svo sem tekið tillit til hækkunar sjávarborðs og hættu af sjávarflóðum.	Gengið er út frá því að við skipulagsgerðina verði skilgreindar mótvægisáðgerðir ef þess gerist þörf, svo sem tekið tillit til hækkunar sjávarborðs og hættu af sjávarflóðum.
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Ólíklegt er að innviðir styrkist að óbreyttu.	Stefnan stuðlar að bættri nýtingu innviða, styttra lagnakerfi og styttri götum.	Stefnan stuðlar að umfangsmeira grunnkerfi, lagnakerfi lengist umtalsvert sem og gatnakerfið.
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðlar stefnan að sjálfbærri orkuvinnslu og/eða orkunýtni?	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar eða menningararfleifð?	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif.	Ný byggð kann að hafa áhrif á sjávarfítjar og fornleifar.
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum?	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif.	Uppbygging á nýjum svæðum kann að hafa áhrif á fornleifar.
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhátum?	Engin áhrif.	Við skipulagsgerð er fjallað um byggðamynstur og gæði byggðar. Ákvæði sett fram sem setja ramma fyrir hönnun nýrra mannvirkja. Uppbygging innan núverandi þéttbýlis skapar tækifæri til að vinna enn frekar með það sem fyrir er, styrkja það og bæta.	Við skipulagsgerð er fjallað um um byggðamynstur og gæði byggðar. Ákvæði sett fram sem setja ramma fyrir hönnun nýrra mannvirkja. Uppbyggingu á nýjum svæðum fylgja áskoranir við að fella nýja byggð að núverandi byggð, ásamt því að taka tillit til landslags og staðhátta.

Tafla 3.5 Niðurstaða mats á helstu valkostum um vöxt þéttbýlis

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	Uppbygging innan núverandi þéttbýlis	Uppbygging á nýjum svæðum
Hagrænir og félagslegir þættir	Styður stefnan við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum? Eru aðgerðir vegna loftslagsbreytinga fléttaðar inn í stefnuna?	-	++	--
	Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	-	++	+
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði? Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	-	++	+
	Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	-	++	++
	Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	-	++	+
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	0	++	--
Náttúrufræðilegir þættir	Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruinjakrá?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróid land?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m ² , sjávarfitjar og leirur og fossa?	0	0	-
	Hefur stefnan áhrif á landnáms og útbreiðslu framandi ágengra tegunda? Tekur hún mið af áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	0	+	-
Náttúrufræðilegir þættir	Hefur stefnan áhrif á vistkerfi hafsins, svo sem með losun eða efnistöku?	0	0	0
Heilsa og öryggi	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	0	++	+
	Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, svo sem almenningssamgöngum eða samgöngum fyrir hjólandi eða gangandi??	-	++	+

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	Uppbygging innan núverandi þéttbýlis	Uppbygging á nýjum svæðum
Heilsa og öryggi (framhald)	Stuðlar stefnan að betri almenningsrýmum, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	0	++	+
	Stuðlar stefnan að bættri byggð hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	0	++	++
	Stuðlar stefna að fækkun slysa og auknu öryggi fólks, svo sem vegna umferðarslysa eða ofanflóða?	0	++	++
	Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	0	0	0
Innviðir og aðgengi	Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál? Veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	0	++	--
	Eru skilgreindar nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna loftlagsbreytinga? Tekur stefnan tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs?	0	+	+
	Stuðlar stefnan að bættum innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	0	++	--
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri orkuvinnslu og/eða orkunýtingu?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar eða menningararfleifð?	0	0	-
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum?	0	0	-
	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	0	++	+

Óbreytt ástand (núll-kostur) mun ekki leiða til þeirrar eflingar byggðar og samfélags sem lagt er upp með í aðalskipulaginu. Án uppbyggingar nýrra íbúðarsvæða verður erfitt að framfylgja stefnu aðalskipulagsins um fólksfjölgun og eflingu atvinnulífs.

Uppbygging á nýjum svæðum mun veita svigrúm fyrir eflingu byggðar og samfélags. Sú leið mun fela í sér að lítt raskað land verður brotið undir byggð

með neikvæðum áhrifum á náttúru og menningarminjar. Dreifð byggð er óhagkvæm m.t.t. þjónustu og krefst frekari innviðaupbyggingar og aukins ferðatíma með tilheyrandi álagi á umhverfið.

Uppbygging innan núverandi þéttbýlis felur í sér að óverulegur hluti lítt raskaðs lands verður brotið undir byggð og hefur því minni áhrif á umhverfið í samanburði við uppbyggingu á nýjum svæðum. Þjónusta verður almennt aðgengilegri og hægt verður að nýta þá innviði sem þegar eru til staðar. Þessi valkostur hefur einnig jákvæð áhrif m.t.t. loftslagsbreytinga.

3.2 MAT Á VALKOSTUM UM ÞRÓUN MIÐ- OG HAFNARSVÆÐIS

Tafla 3.6 Hagrænir og félagslegir þættir

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Áhersla á skapandi greinar, nýsköpun, ferðaþjónustu og sjávarútveg	C. Áhersla á sjávar tengda starfsemi
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Styður stefnan við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum? Eru aðgerðir vegna loftslagsbreytinga fléttaðar inn í stefnuna?	Óveruleg áhrif.	Stefnan gefur kost á að skilgreina mótvægisáðgerðir vegna loftslagsbreytinga.	Stefnan gefur kost á að skilgreina mótvægisáðgerðir vegna loftslagsbreytinga.
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Ólíklegt er að atvinnulíf eflist ef ekki kemur til uppbyggingar á mið- og hafnarsvæði.	Stefnan stuðlar að eflingu atvinnulífs á svæðinu.	Stefnan stuðlar að eflingu atvinnulífs á svæðinu.
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði? Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	Ólíklegt er að ferðaþjónusta eflist að ráði ef ekki kemur til uppbyggingar á mið- og hafnarsvæði.	Stefnan stuðlar að eflingu ferðaþjónustu á svæðinu.	Óveruleg áhrif.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Óveruleg áhrif.	Stefnan hefur óveruleg áhrif á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis en er líkleg til að skjóta styrkari stoðum undir grunnþjónustu og stuðla að fjölbreyttari þjónustu.	Stefnan hefur óveruleg áhrif á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis en er líkleg til að skjóta styrkari stoðum undir grunnþjónustu og stuðla að fjölbreyttari þjónustu.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að bættri nærþjónustu?	Óveruleg áhrif.	Stefnan stuðlar að bættri nærþjónustu í sveitarfélaginu og á stærra svæði. Fjölbreytt þjónusta nýtist jafnt íbúum sveitarfélagsins sem og ferðamönnum.	Stefnan stuðlar að einhverju leyti að bættri nærþjónustu, vegna aukinna umsvifa í sveitarfélaginu og bættum forsendum fyrir margs konar verslun og þjónustu.
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáferðir. Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óveruleg áhrif.	Stefnan er líkleg til að ýta undir fjölbreytta framleiðslu í sveitarfélaginu og nýsköpun með tilliti til sjálfbærni.	Stefnan er líkleg til að ýta undir matvælaframleiðslu í sveitarfélaginu einkum tengt sjávarútvegi og fiskeldi.

Tafla 3.7 Náttúrufarslegir þættir

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Áhersla á skapandi greinar, nýsköpun, ferðaþjónustu og sjávarútveg	C. Áhersla á sjávar tengda starfsemi
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjasrá?	Engin áhrif.	Enginn áhrif.	Enginn áhrif.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m ² , sjávarfitjar og leirur og fossa?	Engin áhrif	Framkvæmdir við landfyllingu valda röskun á fjöruborði og sjávarbotni. Að hluta til er um að ræða þegar raskað svæði.	Framkvæmdir við landfyllingu valda röskun á fjöruborði og sjávarbotni. Að hluta til er um að ræða þegar raskað svæði.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á landnáms og útbreiðslu framandi ágengra tegunda? Tekur hún mið af áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan áhrif á eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Engin áhrif.	Landfylling breytir ásýnd lands við ströndina varanlega. Áhrifin eru háð umfangi og útfærslu framkvæmdarinnar.	Landfylling breytir ásýnd lands við ströndina varanlega. Áhrifin eru háð umfangi og útfærslu framkvæmdarinnar.
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Hefur stefnan áhrif á vistkerfi hafsins, svo sem með losun eða efnistöku?	Engin áhrif.	Framkvæmdir við landfyllingu valda röskun á fjöruborði og sjávarbotni. Umfangsmestu áhrifin eru á framkvæmdatímanum.	Framkvæmdir við landfyllingu valda röskun á fjöruborði og sjávarbotni. Umfangsmestu áhrifin eru á framkvæmdatímanum.

Tafla 3.8 Heilsa og öryggi

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Áhersla á skapandi greinar, nýsköpun, ferðaþjónustu og sjávarútveg	C. Áhersla á sjávar tengda starfsemi
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar. Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Óveruleg áhrif.	Stefnan stuðlar að eflingu mið- og hafnarsvæðis, með áherslu á fjölbreytta atvinnustarfsemi og blandaða landnotkun. Slík stefna er líkleg til að hvetja til notkunar virkra ferðamáta og hreyfingar innan þéttbýlis.	Stefnan stuðlar að eflingu miðsvæðis sem verslunar- og þjónustusvæðis. Slík stefna hvetur að einhverju leyti til notkunar virkra ferðamáta og hreyfingar innan þéttbýlis.
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar. Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, svo sem almenningssamgöngum eða samgöngum fyrir hjólandi eða gangandi?	Óveruleg áhrif.	Stefnan stuðlar að eflingu mið- og hafnarsvæðis, með áherslu á fjölbreytta atvinnustarfsemi og blandaða landnotkun. Slík stefna er líkleg til að hvetja til notkunar virkra ferðamáta, þ.e. hjólandi og gangandi.	Stefnan stuðlar að eflingu miðsvæðis sem verslunar- og þjónustusvæðis. Slík stefna hvetur að einhverju leyti til notkunar virkra ferðamáta, þ.e. hjólandi og gangandi.

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Áhersla á skapandi greinar, nýsköpun, ferðapjónustu og sjávarútveg	C. Áhersla á sjávar tengda starfsemi
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með þol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að bættum almenningssýmum, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Engin áhrif.	Stefnan er líkleg til að bæta almenningssými, bæði á mið- og hafnarsvæði sem aðráttarafl fyrir íbúa og ferðamenn.	Stefnan er líkleg til að bæta almenningssými á miðsvæði fyrir íbúa og ferðamenn.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að bættri byggð hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist vegna þungaflutninga í gegnum byggð.	Blöndun atvinnustarfsemi á mið- og hafnarsvæði gæti haft neikvæð áhrif á hljóðvist. Jákvæð áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist vegna þess að þungaflutningar færast að verulegu leyti út úr þéttustu byggðinni.	Dreifð sjávar tengd starfsemi gæti haft neikvæð áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist vegna þungaflutninga í gegnum þéttbýlið.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að fækkun slysa og auknu öryggi fólks, svo sem vegna umferðarslysa eða ofanflóða?	Óveruleg hætta vegna ofanflóða. Neikvæð áhrif á umferðaröryggi vegna þungaflutninga í gegnum þéttbýlið.	Óveruleg hætta vegna ofanflóða. Jákvæð áhrif á umferðaröryggi þar sem þungaflutningar færast að verulegu leyti út úr þéttustu byggðinni.	Óveruleg hætta vegna ofanflóða en stefnan gæti haft áhrif á umferðaröryggi vegna þungaflutninga í gegnum þéttbýlið.
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.

Tafla 3.9 Innviðir og aðgengi

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Áhersla á skapandi greinar, nýsköpun, ferðapjónustu og sjávarútveg	C. Áhersla á sjávar tengda starfsemi
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál? Veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Eru skilgreindar nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna loftslagsbreytinga? Tekur stefnan tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs?	Óveruleg áhrif	Stefnan tekur að einhverju leyti tillit til hækkunar sjávarborðs, svo sem hvað varðar landfyllingar og mannvirki á lágsvæðum.	Stefnan tekur að einhverju leyti tillit til hækkunar sjávarborðs, svo sem hvað varðar landfyllingar og mannvirki á lágsvæðum.
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan að bættum innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Ólíklegt er að þol gegn samfélags- og umhverfisbreytingum aukist ef ekki kemur til uppbyggingar á mið- og hafnarsvæði.	Uppbygging fjölbreytts atvinnulífs eykur viðnámsþol samfélagsins.	Uppbygging miðsvæðis og sjávar tengdrar starfsemi á hafnarsvæði eykur að einhverju leyti viðnámsþol samfélagsins.
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðlar stefnan að sjálfbærri orkuvinnslu og/eða orkunýtingu?	Að óbreyttu verður ekki af orkuskiptum í samgöngum og rafvæðingu hafna.	Stefna um uppbyggingu mið- og hafnarsvæðis er líkleg til að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og rafvæðingu hafna.	Stefna um uppbyggingu mið- og hafnarsvæðis er líkleg til að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og rafvæðingu hafna.

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Áhersla á skapandi greinar, nýsköpun, ferðapjónustu og sjávarútveg	C. Áhersla á sjávarfengda starfsemi
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar eða menningararfleifð?	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif að því gefnu að tekið verði tillit til náttúru og sögu við uppbyggingu á svæðisins.	Óveruleg áhrif að því gefnu að tekið verði tillit til náttúru og sögu við uppbyggingu á svæðisins.
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum?	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif að því gefnu að tekið verði tillit til þekktra/mögulegra fornminja við uppbyggingu á svæðisins.	Óveruleg áhrif að því gefnu að tekið verði tillit til þekktra/mögulegra fornminja við uppbyggingu á svæðisins.
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	Engin áhrif.	Uppbygging mið- og hafnarsvæðis gefur möguleika á að styrkja enn frekar staðaranda svæðisins og setja viðmið um hönnun nýrra mannvirkja sem tekur mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum.	Uppbygging mið- og hafnarsvæðis gefur möguleika á að styrkja enn frekar staðaranda svæðisins og setja viðmið um hönnun nýrra mannvirkja sem tekur mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum.

Tafla 3.10 Niðurstaða mats á helstu valkostum um þróun mið- og hafnarsvæðis

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	Skapandi greinar, nýsköpun, ferðapj. og sjávarútvegur	Áhersla á sjávarfengda starfsemi
Hagrænir og félagslegir þættir	Styður stefnan við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum? Eru aðgerðir vegna loftslagsbreytinga fléttaðar inn í stefnuna?	0	+	+
	Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	-	++	++
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðapjónustu sem skapar störf í héraði? Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðapjónustu?	-	++	0
	Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	0	+	+
	Stuðlar stefnan að bættri nærþjónustu?	0	++	+
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	0	++	+
Náttúrufarslegir þættir	Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjakrá?	0	0	0

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	Skapandi greinar, nýsköpun, ferðapj. og sjávarútvegur	Áhersla á sjávarfengda starfsemi
Náttúrufræðilegir þættir (framhald)	Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróð land?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m ² , sjávarfitjar og leirur og fossa?	0	-	-
	Hefur stefnan áhrif á landnám og útbreiðslu framandi ágengra tegunda? Tekur hún mið af áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á eða raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	0	-	-
	Hefur stefnan áhrif á vistkerfi hafsins, svo sem með losun eða efnistöku?	0	-	-
Heilsa og öryggi	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	0	++	+
	Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, svo sem almenningsamgöngum eða samgöngum fyrir hjólandi eða gangandi?	0	++	+
	Stuðlar stefnan að bættum almenningsrymum, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	0	++	+
	Stuðlar stefnan að bættri byggð hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	-	+	-
	Stuðlar stefna að fækkun slysa og auknu öryggi fólks, svo sem vegna umferðarslysa eða ofanflóða?	-	+	-
	Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	0	0	0
Innviðir og aðgengi	Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál? Veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	0	0	0
	Eru skilgreindar nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna loftlagsbreytinga? Tekur stefnan tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs?	0	+	+
	Stuðlar stefnan að bættum innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	-	++	+
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri orkuvinnslu og/eða orkunýtni?	-	+	+

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	Skapandi greinar, nýsköpun, ferðapj. og sjávarútvegur	Áhersla á sjávertengda starfsemi
Innviðir og aðgengi	Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar eða menningararfleifð?	0	0	0
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum?	0	0	0
	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	0	+	+

Óbreytt ástand (núll-kostur) mun ekki styðja við og efla atvinnulífið með þeim hætti sem lagt er upp með í aðalskipulaginu. Landnotkun verður ómarkviss með tilheyrandi álagi og áreiti á umhverfi, íbúa og starfsemi ef eftirspurn byggingarlands eykst samfara vexti í ferðapjónustu og sjávarútvegi.

Áhersla á sjávertengda starfsemi mun veita svigrúm fyrir aukinn sjávarútveg og frekari þróun í greininni, m.a. í fiskeldi. Gert er ráð fyrir landfyllingu fyrir sjávertengda starfsemi við Grundargarð. Landfyllingin mun hafa einhver neikvæð áhrif á náttúru. Áhersla á sjávarútveg leiðir til ákveðinnar einsleitni á hafnarsvæðinu og það verður krefjandi að gera miðsvæðið aðlaðandi fyrir íbúa og gesti.

Áhersla á skapandi greinar, nýsköpun, ferðapjónustu og sjávarútveg glæðir lífi í miðsvæðið og tengir saman hafnarsvæðið og ferðapjónustu. Sú leið er því líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið með meira aðlaðandi umhverfi. Auk þess að skapa góða aðstöðu fyrir ferðapjónustu, sjávarútveg, fiskeldi og annan iðnað. Blönduð landnotkun býður upp á betri og fjölbreyttari nýtingu þess húsakosts sem til staðar er á mið- og hafnarsvæðinu. Gert er ráð fyrir landfyllingu fyrir sjávertengda starfsemi við Grundargarð. Landfylling við Grundargarð mun hafa einhver neikvæð áhrif á náttúru.

3.3 MAT Á VALKOSTUM UM ÁHERSLUR FYRIR UPPBYGGINGU ÁFANGASTAÐA FERÐAMANNA

Tafla 3.11 Hagrænir og félagslegir þættir

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Fáir en uppbyggðir áfangastaðir	C. Margir og dreifðir áfangastaðir
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Styður stefnan við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum? Eru aðgerðir vegna loftslagsbreytinga fléttaðar inn í stefnuna?	Óbreytt stefna leiðir líklega til röskunar viðkvæmra vistkerfa vegna álags af völdum ferðamanna.	Stefnan er líkleg til að beina ferðamönnum að áfangastöðum sem byggðir eru upp til að taka við fjölda fólks. Jafnframt léttir álagi á öðrum og viðkvæmari stöðum.	Stefnan leiðir líklega til röskunar viðkvæmra vistkerfa vegna álags af völdum ferðamanna.
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	Óveruleg áhrif.	Áhersla á fáa áfangastaði styrkir aðdráttarafli, auðveldar markaðsstarf og laðar að ferðamenn til langs tíma lítið. Atvinnusköpun á uppbyggingartímanum.	Áhersla á áfangastaði ferðamanna styrkir að einhverju leyti ferðaþjónustu á svæðinu. Lítil atvinnusköpun vegna uppbyggingar áfangastaða.
Stuðla að sjálfbærum hagvexti og góðum atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði? Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	Lítill uppbygging getur leitt til þess að ferðamannastaðir verði fyrir skemmdum af völdum átroðnings ferðamanna. Það getur haft áhrif á viðhorf ferðamanna til langs tíma.	Áhersla á fáa áfangastaði styrkir aðdráttarafli, auðveldar markaðsstarf og laðar að ferðamenn til langs tíma. Uppbyggðir ferðamannastaðir höfða ekki endilega til náttúruferðamanna.	Lítill uppbygging getur leitt til þess að ferðamannastaðir verði fyrir skemmdum af völdum átroðnings ferðamanna. Það getur haft áhrif á viðhorf ferðamanna til langs tíma.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	Óveruleg áhrif.	Óbein jákvæð áhrif af eflingu ferðaþjónustu. Ferðamenn skjóta traustari fótum undir margs konar grunnþjónustu.	Óbein jákvæð áhrif af eflingu ferðaþjónustu. Ferðamenn skjóta traustari fótum undir margs konar grunnþjónustu.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að bættri nærþjónustu?	Óveruleg áhrif.	Óbein jákvæð áhrif af eflingu ferðaþjónustu. Ferðamenn skjóta traustari fótum undir margs konar nærþjónustu.	Óbein jákvæð áhrif af eflingu ferðaþjónustu. Ferðamenn skjóta traustari fótum undir margs konar nærþjónustu.
Tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðsluáferðir. Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	Óveruleg áhrif.	Uppbygging aðstöðu tekur m.a. til sorphirðu á ferðamannastöðum og líklegt að stefnan hvetji til sorphlokkunar og endurvinnslu.	Óveruleg áhrif.

Tafla 3.12 Náttúruverndarlegir þættir

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Fáir en uppbyggðir áfangastaðir	C. Margir og dreifðir áfangastaðir
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjaskrá?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	Óbreytt stefna leiðir líklega skemmda á grónu landi vegna átroðnings af völdum ferðamanna.	Uppbygging áfangastaða er líkleg til að tryggja að gróið land og mikilvæg fuglasvæði verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum vegna átroðnings af völdum ferðamanna.	Stefnan leiðir líklega til skemmda á grónu landi vegna átroðnings af völdum ferðamanna.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærri en 2 ha, stöðuvötn stærri en 1.000 m ² , sjávarfitjar og leirur og fossa?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.
Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Hefur stefnan áhrif á landnám og útbreiðslu framandi ágengra tegunda? Tekur hún mið af áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	Óbreytt stefna leiðir líklega til þess að skemmdir verða á grónu landi og ásýnd lands til skamms tíma. Mögulegt er að endurheimta fyrri ásýnd.	Uppbygging áfangastaða hefur áhrif á ásýnd þeirra. Með hönnun, þar sem þess er m.a. gætt að mannvirki falli vel að landslagi, er hægt að draga úr þessum áhrifum og auka jákvæða upplifun af áfangastöðum.	Stefnan leiðir líklega til þess að skemmdir verði á grónu landi og ásýnd lands til skamms tíma. Mögulegt er að endurheimta fyrri ásýnd.
Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt. Hefur stefnan áhrif á vistkerfi hafsins, svo sem með losun eða efnistöku?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.

Tafla 3.13 Heilsa og öryggi

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Fáir en uppbyggðir áfangastaðir	C. Margir og dreifðir áfangastaðir
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	Óveruleg áhrif.	Stefnan stuðlar að bættu aðgengi að útivistarsvæðum.	Stefnan stuðlar að bættu aðgengi að útivistarsvæðum.
Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, svo sem almenningsamgöngum eða samgöngum fyrir hjólandi og?	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að bættum almenningsrymum, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að betri byggð hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	Óbreytt stefna leiðir líklega til aukinnar hættu á umferðarslysum og öðrum hættum í umhverfinu, vegna skorts á innviðum og umgjörð fyrir gesti á áningarstöðum.	Uppbyggðir áfangastaðir með innviðum fyrir bíla og gangandi fólk stuðla að auknu öryggi, m.t.t. umferðar og annarra þátta í umhverfinu.	Afmörkun tiltekinna áfangastaða eykur umferðaröryggi. Ferðamenn eru líklegri til að stoppa á skipulögðum áningarstöðum. Skipulagðir áningarstaðir auka öryggi almennt séð. Stefnan eykur óverulega öryggi þeirra sem fara um náttúruna.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðlar stefnan að fækkun slysa og auknu öryggi fólks, svo sem vegna umferðarslysa eða ofanflóða?	Óbreytt stefna leiðir líklega til aukinnar hættu á umferðarslysum.	Uppbyggðir áfangastaða með innviðum fyrir bíla og gangandi fólks eykur umferðaröryggi.	Afmörkun tiltekinna áfangastaða eykur umferðaröryggi.
Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	Engin áhrif.	Engin áhrif.	Engin áhrif.

Tafla 3.14 Innviðir og aðgengi

Umhverfisviðmið/matsspurning	A. Núll-kostur	B. Fáir en uppbyggðir áfangastaðir	C. Margir og dreifðir áfangastaðir
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál? Veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	Óbreytt stefna leiðir líklega til þess að viðkvæm vistkerfi raskist vegna álags af völdum ferðamanna.	Stefnan er líkleg til að beina ferðamönnum að áfangastöðum sem byggðir eru upp til að taka við fjölda fólks. Jafnframt léttir álaginu á öðrum og viðkvæmari stöðum. Ekki er um að ræða aukna bindingu gróðurhúsalofttegunda.	Stefnan leiðir líklega til þess að viðkvæm vistkerfi raskist vegna álags af völdum ferðamanna.
Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Eru skilgreindar nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna loftslagsbreytinga? Tekur stefnan tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs?	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.
Byggja viðnámsþolna innviði og styðja nýsköpun. Stuðlar stefnan að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	Óbreytt stefna er ólíkleg til að auka þol gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.	Stefna um uppbyggingu lykil áfangastaða ferðamanna er mikilvægur liður í efla ferðaþjónustu til framtíðar og styrkja samfélagið.	Stefna um marga dreifða áfangastaði er ekki líkleg til að stuðla að sterkari innviðum fyrir öflugra ferðaþjónustu til framtíðar.
Tryggja aðgengi allra að áreiðanlegri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Stuðlar stefnan að sjálfbærri orkuvinnslu og/eða orkunýtingu?	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.	Óveruleg áhrif.
Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruminjar eða menningararfleifð?	Óbreytt stefna er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á fornleifar og menningalandslag.	Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á menningararfleifð, draga fram sérkenni staða eða svæðisins í heild og miðla henni til ferðamanna. Uppbygging á fáum stöðum gefur tækifæri til að taka tillit til náttúruminja og fornleifa.	Stefnan er líkleg til að hafa neikvæði áhrif á og breyta menningarlífi.
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum?	Óbreytt stefna er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á fornleifar, þar sem lítill stjórni er á ferðum ferðamanna um sveitarfélagið.	Stefnan er líkleg að hafa jákvæð áhrif á fornleifar þar sem tekið er tillit til þeirra við uppbyggingu. Einnig gefst tækifæri til að miðla upplýsingum um menningararfinn í tengslum við uppbyggingu áfangastaða.	Stefna er líkleg til að hafa að neikvæð áhrif á fornleifar, vegna lítillar uppbyggingar innviða á áfangastöðum ferðamanna.
Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum?	Óbreytt stefna er ólíkleg til að stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst í byggingararfi og landslagi.	Við hönnun áfangastaða er lykili atriði að taka mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum.	Stefnan felur í sér takmarkaða uppbyggingu á hverjum stað. Hún leiðir að einhverju leyti til þess að mannvirki taka mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum.

Tafla 3.15 Niðurstaða mats á helstu valkostum vegna uppbyggingar áfangastaða ferðamanna

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	Fáir en uppbyggðir áfangastaðir	Margir og dreifðir áfangastaðir
Hagrænir og félagslegir þættir	Styður stefnan við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum? Eru aðgerðir vegna loftslagsbreytinga fléttaðar inn í stefnuna?	-	+	-
	Stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu?	0	++	+
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf í héraði? Er stefnan líkleg til að hafa áhrif á ferðamenn og ferðaþjónustu?	-	++	-
	Stuðlar stefnan að uppbyggingu húsnæðis og grunnþjónustu fyrir alla?	0	+	+
	Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu?	0	+	+
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda? Hversu mikill úrgangur fellur til? Er stuðlað að endurvinnslu og endurnýtingu?	0	+	0
Náttúrufarslegir þættir	Hefur stefnan áhrif á svæði á náttúruminjaskrá?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á lykil vistkerfi, svo sem mikilvæg fuglasvæði, Ramsarsvæði eða gróið land?	-	++	-
	Hefur stefnan áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, svo sem birkiskóga, mýrar og flóa stærra en 2 ha, stöðuvötn stærra en 1.000 m ² , sjávarfitjar og leirur og fossa?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á landnáms og útbreiðslu framandi ágengra tegunda? Tekur hún mið af áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands?	-	+	-
	Hefur stefnan áhrif á vistkerfi hafsins, svo sem með losun eða efnistöku?	0	0	0
Heilsa og öryggi	Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar?	0	++	++
	Stuðlar stefnan að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, svo sem almenningsamgöngum eða samgögnum fyrir hjólandi eða gangandi?	0	0	0

AÐALSKIPULAG BOLUNGARVÍKUR 2020-2032. Viðaukar - Auglýst tillaga

Matsþáttur	Matsspurningar	Núll-kostur	Fáir en uppbyggðir áfangastaðir	Margir og dreifðir áfangastaðir
Heilsa og öryggi	Stuðlar stefnan að bættum almenningssýmum, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika?	0	0	0
	Stuðlar stefnan að bættri byggð hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist?	-	++	+
	Stuðlar stefna að fækkun slysa og auknu öryggi fólks, svo sem vegna umferðarslysa eða ofanflóða?	-	++	+
	Hefur stefnan áhrif á eða raskar vatnsverndarsvæðum (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði)?	0	0	0
Innviðir og aðgengi	Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál? Veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? Er unnið að bindingu kolefnis?	-	+	-
	Eru skilgreindar nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna loftlagsbreytinga? Tekur stefnan tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs?	0	0	0
	Stuðlar stefnan að bættum innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	-	++	0
	Stuðlar stefnan að sjálfbærri orkuvinnslu og/eða orkunýtni?	0	0	0
	Hefur stefnan áhrif á svæði þar sem eru merkar náttúruáhrif eða menningararfleifð?	-	+	-
	Hefur stefnan í för með sér röskun á fornleifum?	-	+	-
	Styður stefnan markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðhættum?	-	++	+

Núll-kostur hefur almennt óveruleg áhrif á hagræna- og félagslega þætti. Hann styður hvorki við atvinnuuppbyggingu á svæðinu né stefnumörkun stjórnvalda um loftlagsmál. Valkosturinn er ekki líklegur til að hafa áhrif á friðlýst svæði eða svæði sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Hann er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á gróið land. Þá helst ásýnd lands vegna átrodningu ferðamanna sökum skorts á uppbyggingu viðeigandi innviða. Hann mun ekki stuðla að auknu umferðaröryggi eða öryggi gagnvart öðrum hættum sem fylgja ferðum um náttúruna. Valkosturinn eykur ekki þol innviða gagnvart umhverfis- og samfélagsbreytingum og er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á fornleifar og menningararfleifð og menningarlandslag. Núll-kosturinn hefur almennt neikvæð áhrif á umhverfið og vinnur gegn fjölmörgum þeirra umhverfisviðmiða sem lögð voru til grundvallar matinu. Niðurstaðan er sú að þessi valkostur hentar aðalskipulagi Bolungarvíkur illa. Þörf er á stefnumörkun um áfangastaði í sveitarfélaginu.

Áhersla á fáa en uppbyggða áfangastaði hefur jákvæð eða verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Valkosturinn er líklegur til að efla ferðabjónustu í Bolungarvík, auka aðdráttarafl og hvetja til uppbyggingar áfangsstaða sem draga að sér ferðamenn. Hann mun jafnframt létta álaginu á öðrum viðkvæmum náttúrusvæðum. Valkosturinn hefur jákvæð áhrif á öryggi fólks, m.a. umferðaröryggi og gagnvart öðrum hættum sem fylgja ferðum um náttúruna. Valkosturinn er líklegur til að styrkja innviði og auka þol gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Með skipulagi og hönnun áfangastaða gefst tækifæri til að taka tillit til og varðveita mikilvægar menningar- og náttúruminjar og landslag. Almennt hefur þessi valkostur jákvæð áhrif á umhverfið og stenst nær öll umhverfisviðmið sem lögð voru til grundvallar matinu. Niðurstaðan er að áhersla á fáa en uppbyggða áfangastaði sé vænleg fyrir aðalskipulag Bolungarvíkur.

Áhersla á marga og dreifða áfangastaði ferðamanna hefur að einhverju leyti jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Felst ávinningurinn helst í því að skilgreina áfangastaðina og bæta aðgengi að útivistarsvæðum. Neikvæðu áhrifin felast í takmarkaðri uppbyggingu innviða sem kann að valda neikvæðum áhrifum á náttúru, menningarminjar og landslag. Það getur svo haft áhrif á viðhorf ferðamanna til lengri tíma. Skilgreining áfangastaða ferðamanna hefur jákvæð áhrif á umferðaröryggi en stuðlar ekki að öruggari för fólks um náttúruna. Þessi valkostur hefur jákvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti en í veigamiklum atriðum uppfyllir hann ekki þau umhverfisviðmið sem lögð voru til grundvallar matinu. Niðurstaðan er sú að áhersla á marga og dreifða áfangastaði sé ekki vænleg stefna fyrir aðalskipulag Bolungarvíkur.

4 ÁHRIF STEFNU

4.1 STEFNA AÐALSKIPULAGSINS

Heildaráhrif aðalskipulagsins og þeirra stefnukosta sem urðu fyrir valinu við mótun skipulagsins voru metin. Metin voru helstu áhrif stefnunnar í megin viðfangsefnum aðalskipulagsins á helstu matsþætti. Umhverfisviðmiðin eru

byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og stefnu stjórnvalda er varðar landnotkun, sbr. kafla 2 hér að framan. Í lok hvers stefnukafla í greinargerð aðalskipulagsins er samantekt á þeim umhverfisáhrifum sem þar er fjallað um.

Tafla 4.1 Heildaráhrif stefnu aðalskipulagsins

	Markmið/stefna	Matsþættir			
		Hagrænir og félagslegir þættir	Náttúrufarslegir þættir	Heilsa og öryggi	Innviðir og aðgengi
Náttúra	Vatnafar og vatnsgæði	++	+	+	+
	Óbyggð svæði	++	++	+	+
	Gróðurfar og dýralíf	+	++	++	+
	Ofanflóð	+	0	++	0
	Sjávarrof	+	-	+	++
	Náttúruvernd	+	++	++	++
Samfélag - Byggð	Menningar- og búsetuminjar	++	0	0	0
	Íbúaþróun	+	0	0	+
	Íbúðarsvæði	++	-	+	0
	Miðbæjarsvæði	++	0	+	+
	Frístundabyggð og byggð í dreifbýli	+	-	0	0
	Gæði byggðar	++	0	+	+
Samfélag - atvinna	Atvinnuþróun	++	0	0	++
	Veiðar, vinnsla og eldi	++	-	0	0
	Landbúnaður	++	+	0	+
	Ferðaþjónusta	++	+	+	+
	Verslun og önnur þjónusta	+	0	++	+
	Hafnarstarfsemi	++	-	+	+
	Iðnaðar- og athafnastarfsemi	+	-	0	-

	Markmið/stefna	Matsþættir			
		Hagrænir og félagslegir þættir	Náttúrufrarslegir þættir	Heilsa og öryggi	Innviðir og aðgengi
	Efnistaka og vinnsla*	+	0	-	0
Stofnanir, félags- og velferðarmál	Skólar og íþróttahús	+	+	++	+
	Menning	++	+	+	++
	Heilbrigðismál, öryggi og málefni aldraðra	+	0	++	++
Útivist, opin svæði og íþróttir	Útivist og græn svæði	+	+	++	+
	skógrækt og trjárækt	+	0	+	+
Innviðir	Veitur og fjarskipti	++	-	++	++
	Göngu-, hjóla- og reiðleiðir	+	-	++	++
	Vegir og gatnakerfi	+	-	0	++
	Almenningssamgöngur	+	+	+	++

* Tvö efnistökusvæði eru á vatnsverndarsvæði og því er efnistaka þar tilkynningarskyld. Efnistaka mun hafa óveruleg áhrif ef tekið er tillit vatnsverndar í framkvæmdaleyfi.

4.2 SAMLEGÐARÁHRIF

Skoðuð voru samlegðaráhrif vegna aðalskipulagsins, einkum m.t.t. þeirra breytinga sem orðið hafa frá fyrra skipulagi. Horft var til vaxtar í sjávarútvegi, ferðabjónustu, uppbyggingar innviða, stækkunar byggðar, eflingar miðsvæðis og landnotkunar í dreifbýli.

Stefna aðalskipulagsins gerir ráð fyrir að byggðir verði upp nokkrir ferðamannastaðir með fullnægjandi innviðum sem geti tekið við talsverðum fjölda ferðamanna. Hér að framan var fjallað um áhrif þessarar stefnu. Ferðamannastaðirnir sem um ræðir eru ekki undir álagi vegna annarrar nýtingar en vanda þarf til verka við hönnun og deiliskipulagsgerð.

Í dreifbýli almennt, þ.e. utan fjölsóttu ferðamannastaðanna, er nokkuð fjölbreytt nýting en fremur litlar breytingar eru frá fyrra skipulagi.

Talsvert rými er til staðar fyrir vöxt í sjávarútvegi, fiskeldi og tengdri starfsemi. Áhersla er lögð á samþættingu sjávarútvegs við aðra starfsemi í þéttbýlinu. Útfærslan á miðsvæðinu er skipulögð sérstaklega með þetta að leiðarljósi.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir þéttingu byggðar og uppbyggingu innan núverandi þéttbýlis og í nágrenni þess. Þar með er leitast við að nýta þá innviði sem þegar eru til staðar.

Í heildina eru samlegðaráhrif aðalskipulagsins óveruleg eða jákvæð að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem fjallað er um í stefnunni.

4.3 EFTIRFYLGNI OG VÖKTUN

Fjallað er um eftirfylgni og vöktun í kafla 1.7 í skipulagsgreinargerðinni.

5 TENGLI VIÐ ÁÆTLANIR OG SAMRÆMI STEFNU

5.1 INNBYRÐIS SAMRÆMI MARKMIÐA AÐALSKIPULAGSINS

Í töflunni hér til hliðar er greint hvernig meginmarkmið aðalskipulagsins samræmast innbyrðis. Tvenns konar niðurstaða er möguleg:

- Samhljómur er í meginmarkmiðunum
- Samræma þarf framfylgd meginmarkmiða

Í aðalskipulaginu eru sett fram meginmarkmið í þremur þeimur; náttúra, samfélag og innviðir. Byggir stefna skipulagsins á samþættingu þessara markmiða. Auka á lífsgæði og festa byggð í sessi með fólksfjölgun á skipulagstímabilinu. Efla á atvinnulíf og treysta innviði, m.a. með því að nýta þau sérkenni sem eru til staðar. Bæði náttúrulegt umhverfi og það manngerða sem er eftirsóknarvert.

Þrátt fyrir að þessi markmið taki mið hvert af öðru er mikilvægt að tryggja samhljóm við nánari útfærslu og framkvæmd stefnunnar. Sérstaklega þarf að huga að því að þróun byggðar og atvinnusvæða og uppbygging aðstöðu til útivistar, íþróttar og innviða kann að hafa áhrif á náttúru. Einnig þarf að hafa í huga að uppbygging innviða getur haft neikvæð áhrif á menningarminjar.

Í aðalskipulaginu er gerð sérstök krafa um greiningu umhverfisáhrifa á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli. Greiningunni er ætlað að tryggja innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins.

Tafla 5.1 Innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins. Grænn litur táknar samhljóm í meginmarkmiðum. Appelsínugulur litur táknar að samræma þarf meginmarkmið.

	Náttúra	Byggð	Atvinna	Stofnanir, félags- og velferðarmál	Útivist, opin svæði og íþróttir
Byggð					
Atvinna					
Stofnanir, félags- og velferðarmál					
Útivist, opin svæði og íþróttir					
Innviðir					

5.2 TENGLI AÐALSKIPULAGS VIÐ STEFNU STJÓRNVALDA OG SVEITARFÉLAGA

Í töflu 5.2 er metið hvernig aðalskipulagið samræmist stefnu stjórnvalda á landsvísu. Í töflu 5.3 er fjallað um hvernig aðalskipulagið samræmist skipulagsáætlunum sveitarfélaga og annarra áætlana á Vestfjörðum.

Tafla 5.2 Tengsl aðalskipulags Bolungarvíkur við áætlanir stjórnvalda á landsvísu sem marka stefnu um landnotkun. Grænn litur táknar góðan samhljóm áætlunar og aðalskipulags. Ljós litur táknar að lítil eða engin tengsl eru á milli áætlunar og aðalskipulags. Nánari upplýsingar um áætlanirnar eru í heimildaskrá.

Heiti áætlunar	Samræmi aðalskipulags við áætlun	Skýringar
Landsskipulagsstefna 2015-2026	Aðalskipulagið fylgir leiðarljósi landsskipulagsstefnu og yfirmarkmiðum um skipulag í þéttbýli, dreifbýli og á strandsvæðum. Aðalskipulagið fylgir einnig áherslum sem koma fram í tillögum Skipulagsstofnunar að viðauka við landsskipulagsstefnuna. Þar er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála.	Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga. Hún felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Þrjú viðfangsefni landsskipulagsstefnu snerta aðalskipulagið: Búsetumynstur – dreifing byggðar, skipulag í dreifbýli og skipulag haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna er eftir því sem við á fléttuð inn í stefnu aðalskipulagsins. Einnig eru tiltekin markmið landsskipulagsstefnu notuð sem umhverfisviðmið fyrir mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsins.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	Heimsmarkmiðin, þ.e. tiltekin markmið, eru notuð sem umhverfisviðmið fyrir mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsins.	Markmiðin voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Íslensk stjórnvöld hafa valið sérstök forgangsmarkmið sem eru útfærð nánar í öðrum áætlunum stjórnvalda, svo sem aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Heimsmarkmið sem hafa bein tengsl við skipulagsgerð eru í umhverfismati tillögunnar nýtt sem umhverfisviðmið og með þeim hætti er á kerfisbundinn hátt kannað hvort stefnumörkun aðalskipulagsins styður við eða gengur gegn Heimsmarkmiðunum.
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum	Í aðalskipulaginu eru fléttuð inn fjölmörg markmið og aðgerðir sem eru í samræmi við aðgerðaáætlunina.	Aðgerðaáætlunin tekur til helstu aðgerða stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti: Markmiðið er að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og áform um kolefnishlutleysi 2040. Orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu eru tvö helstu áhersluatriði áætlunarinnar. Í aðalskipulaginu eru fléttuð inn markmið og aðgerðir í loftslagsmálum sem eru í samræmi við markmið aðgerðaáætlunar, svo sem rafvæðing, virkir ferðamatár og skógrækt.
Samgönguáætlun 2020-2034	Aðalskipulagið fylgir markmiðum samgönguáætlunar, svo sem um öruggar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur.	Í samgönguáætlun setja stjórnvöld fram stefnu og markmið fyrir allar greinar samgangna. Í fimm ára samgönguáætlun (framkvæmdaáætlun) eru áform um endurbýggingu og lagfæringar við höfnina í Bolungarvík. Ekki er um að ræða nýjar vegaf framkvæmdir í sveitarfélaginu. Í aðalskipulaginu eru fjölmörg markmið sem eru í samræmi við samgönguáætlun, svo sem að stuðla að breyttum ferðavenjum.
Náttúruminjasrá og náttúruverndaráætlun	Aðalskipulagið er í samræmi við náttúruminjasrá. Svæði á náttúruminjasrá eru hverfisvernduð í aðalskipulaginu.	Náttúruminjasrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Innan skipulagssvæðisins er eitt svæði á náttúruminjasrá, þ.e. Gil í Syðridal. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að sjófuglabýggð á svæði sem kennt er við Stigahlíð og Deild verði sett á náttúruminjasrá. Þessi svæði eru hverfisvernduð í aðalskipulaginu.
Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029	Aðalskipulagið byggir á markmiðum kerfisáætlunar um afhendingaröryggi en að öðru leyti eru ekki tengsl við áætlunina.	Kerfisáætlun er áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku, annars vegar 10 ára langtímaáætlun og hins vegar framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára. Áætlunin byggir m.a. á markmiðum raforkulaga um afhendingaröryggi og viðmiðum í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Í kerfisáætlun eru ekki áform um ný verkefni eða framkvæmdir í beinum tengslum við uppbyggingu flutningskerfisins í sveitarfélaginu. Í aðalskipulaginu eru fjölmörg markmið sem byggja á þeirri forsendu að afhendingaröryggi raforku sé samkeppnishæft við önnur sveitarfélög.
Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029 (Landsáætlun um innviði)	Aðalskipulagið er í samræmi við markmið Landsáætlunar um innviði.	Landsáætlun um innviði er stefnumarkandi tólf ára áætlun sem fjallar um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Í áætluninni er lögð áhersla á að sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi hvert skuli beina ferðamönnum og mismunandi hópum ferðamanna. Í aðalskipulaginu er mörkuð stefna um ferðamannastaði, m.a. litið til verkfæra eins og afþreyingarrófs.

AÐALSKIPULAG BOLUNGARVÍKUR 2020-2032. Viðaukar - Auglýst tillaga

Heiti áætlunar	Samræmi aðalskipulags við áætlun	Skýringar
Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024	Aðalskipulagið er í samræmi við markmið byggðaáætlunar.	Markmið byggðaáætlunar er að jafna aðgengi að þjónustu og tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Í aðalskipulaginu eru fjölmörg markmið sem samræmast markmiðum byggðaáætlunar, svo sem að byggja upp innviði fyrir endurnýjanlega orku, auka orkuöryggi og efla flutningskerfi raforku. Einnig að efla atvinnulíf og nærþjónustu í sveitarfélaginu og á stærra svæði.
Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun)	Aðalskipulagið hefur engin tengsl við rammaáætlun.	Rammaáætlun byggir á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Samkvæmt 7. gr. laganna er áætlunin bindandi við gerð skipulagsáætlana. Í sveitarfélaginu eru ekki virkjunarkostir í nýtingar-, bið- eða verndarflokki samkvæmt gildandi rammaáætlun og tillögu verkefnastjórnar um 3. áfanga rammaáætlunar.
Menningarstefna í mannvirkjagerð	Aðalskipulagið er í samræmi við markmið menningarstefnu í mannvirkjagerð.	Í menningarstefnu í mannvirkjagerð er m.a. lögð áhersla á verndun ósnortins lands, byggingararfs og aðlögun mannvirkja að landslagi. Í aðalskipulaginu eru fjölmörg markmið sem samræmast menningarstefnu í mannvirkjagerð, svo sem ákvarðanir um vöxt þéttbýlis og uppbyggingu ferðaþjónustu.
Hreint loft til framtíðar Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029	Tiltekin markmið aðalskipulagsins eru í samræmi við meginmarkmið og aðgerðaáætlun í loftgæðamálum. Óveruleg tengsl eru við áætlunina.	Áætlunin tekur mið af lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og tengdum reglugerðum sem ætlað er að tryggja loftgæði í landinu. Í aðalskipulaginu eru markmið sem styðja við aðgerðaáætlun í loftgæðamálum, svo sem með því að stuðla að breyttum ferðavenjum. Aðalskipulagið hefur óveruleg tengsl við áætlunina og þær aðgerðir sem þar eru skilgreindar.
Landslagssamningur Evrópu	Tekið er mið af áherslum Landslagssamnings Evrópu við mótnu tillögunnar og umhverfismat.	Ísland undirritaði Evrópska landslagssamninginn (European Landscape Convention (ELC)) í júní 2012 en samningurinn var samþykktur árið 2000 og hafa nú um 40 ríki fullgilt hann. Vorið 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fullgilda samninginn. Markmið samningsins eru fjölpætt. Svo sem að efla vernd landslagsgerða, bæta umsjón og skipulag með tilliti til landslags, til dæmis með endurheimt landslags þar sem við á, og skapa grundvöll til samstarfs innan Evrópu. Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar hafi aðgang að og tækifæri til að njóta fagurs landslags.

Tafla 5.3 Tengsl aðalskipulags Bolungarvíkur við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og aðrar áætlanir á Vestfjörðum. Grænn litur táknar góðan samhljóm áætlunar og aðalskipulags. Ljós litur táknar að lítil eða engin tengsl eru á milli áætlunar og aðalskipulags.

Heiti áætlunar	Samræmi aðalskipulags við áætlun	Skýringar
Svæðisskipulag	Ekki er til svæðisskipulag fyrir Vestfirði.	
Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020	Aðalskipulagið fellur úr gildi við gildistöku nýs aðalskipulags.	
Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020	Aðliggjandi sveitarfélag. Gildandi aðalskipulag Ísafjarðarbæjar er í góðu samræmi við nýtt aðalskipulag Bolungarvíkur.	Gildandi aðalskipulag Ísafjarðarbæjar er einnig í endurskoðun og ekki hefur komið upp ósamræmi í stefnumörkun þessara sveitarfélaga, svo sem hvað varðar innviði eða nýtingu lands sem nær yfir sveitarfélagamörk
Deiliskipulag	Reiknað er með að deiliskipulagsáætlanir haldi gildi sínu við gildistöku nýs aðalskipulags Bolungarvíkur.	Í gildi eru níu deiliskipulagsáætlanir í sveitarfélaginu og tvær í vinnslu. Gert er ráð fyrir að þær verði áfram í gildi við staðfestingu nýs aðalskipulags.
Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024	Aðalskipulagið styður markmið sóknaráætlunar um atvinnu og nýsköpun og umhverfi og skipulag.	Í sóknaráætlun er lögð áhersla á að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki. Efla umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja og bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og bjóða upp á framúrskarandi aðstöðu til útivistar. Í aðalskipulaginu er m.a. mörkuð stefna um atvinnusvæði, miðsvæði og ferðaþjónustu sem miðar að því að fjölga störfum, auka fjölbreytni atvinnulífs og viðnámsþrótt samfélagsins. Einnig eru áherslur um sjálfbærar lausnir samþættaðar inn í stefnu aðalskipulagsins.
Áfangastaðaáætlun Vestfjarða	Við gerð aðalskipulagsins er tekið mið af áfangastaðaáætluninni.	Í áfangastaðaáætlun er staða ferðaþjónustunnar á svæðinu greind. Út frá greiningunni var mótuð framtíðarsýn, markmið sett og aðgerðaáætlun mótuð.

VIÐAUKI B

GREINING Á ÁHRIFUM DEILISKIPULAGS

ÁHRIF DEILISKIPULAGS OG MATSTAFLA

Aðalskipulagið gerir kröfur um að þegar deiliskipulag er gert fyrir hverfisvernduð eða friðlýst svæði í dreifbýli skuli gerð greining á áhrifum þess. Við það skuli notast við staðlaða matstöflu sem hér er birt. Markmiðið með þessu er að tryggja að við ákvarðanatöku sé tillit tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið

aðalskipulagsins. Ákvarðanir um fyrirkomulag framkvæmda skulu teknar í samræmi við niðurstöður greiningarinnar. Ferlið auðveldar meðferð umsókna um framkvæmdir og tryggir jafnrétti landeigenda og annarra hagsmunaaðila.

Það er á ábyrgð þess sem gerir deiliskipulagið að gera viðeigandi greiningu vegna deiliskipulags á umræddum svæðum.

MATSTAFLA VEGNA GREININGAR Á ÁHRIFUM DEILISKIPULAGS FYRIR HVERFISVERNDUÐ Eða FRIÐLÝST SVÆÐI Í DREIFBÝLI

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>þættir til athugunar</i>
Byggð	Samsvörun við landslag og núverandi byggð Byggðamynstur Sérstaða byggðar Ásýnd svæðisins miðað við fyrri búsetu (þar sem við á)
Mannvirki og önnur verðmæti	Samsvörun húsagerðar, stærðarhlutfalla og efnisnotkunar við eldri og fyrri byggð og byggingarstíl (þar sem við á) Lóðastærðir miðað við umhverfi Heildarstærð framkvæmdasvæðis miðað við umhverfi
Innviðir	Samnýting innviða, s.s. veitna Aðlögun innviða að umhverfi Umferð og samgönguleiðir Þjónusta
Starfsemi og önnur nýting	Þróunarmöguleikar Ímynd Daglegur rekstur
Heilsa og öryggi	Mengun Slyshætta, hávaði eða annars konar ónæði Hætta vegna náttúruvár, s.s. ofanflóð, sjávarflóð eða ofsaveður

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>þættir til athugunar</i>
Menningarminjar	Fornminjar Búsetulandslag og menningarsaga Bæjarleiðir Kennileiti Sérstaða
Landslag og ásýnd	Landslagsheildir Sérstaða landslags Lítt snortin náttúra Friðlýstar náttúruminjar Náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd Heildarmynd svæðisins Náttúrulegt landslag og sjaldgæf fyrirbrigði
Gróður og dýralíf	Gróðurfur Dýralíf og búsvæði dýra Líffræðileg fjölbreytni Sérstaða gróðurs og dýralífs
Vatn	Vatnsgæði og vatnabúskapur Votlendi Sérstaða vatns/votlendis
Loftslag	Loftslagsbreytingar, svo sem vegna losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda. Þættir til að milda og aðlagast loftslagsbreytingum.

Skýringar

++	Veruleg jákvæð áhrif	--	Neikvæð áhrif
+	Jákvæð áhrif	-	Veruleg neikvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við	?	Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar